



Tilmæli 7/2015

Fyrri númer:
B 301/kultur

Til umfjöllunar í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00231-13

Samstarfsáætlun um menntamál og rannsóknir

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 23. júní 2015 eftirfarandi tilmæli að tillögu menningar- og menntamálanefndar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hrinda í framkvæmd ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun mennta- og rannsóknargeirans B 301/kultur, eins og henni er lýst í ráðherranefndartillögunni, en með þeirri viðbót að ráðherranefndin leggi fram greinargerð á þingi Norðurlandaráðs 2016 með lýsingu á þeim aðgerðum og verkefnum sem ráðherranefndin hefur gagngert í hyggju að framkvæma í tengslum við framkvæmd samstarfsáætlunarinnar og gjarnan með hliðsjón af þeim tillögum og hugmyndum, sem Norðurlandaráð sendi til ráðherranefndarinnar í tengslum við yfirstaðið umsagnarferli.

Reykjavík, 23. júní 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

NEFNDARÁLIT UM RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGU

Norðurlandaráð

Tilmæli 7/2015

Fyrri númer:
B 301/kultur

Til umfjöllunar í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00231-13

Nefndarálit menningar- og menntamálanefndar um

þingmannatillögu um nýja samstarfsáætlun um
menntamál og rannsóknir

Tillaga nefndarinnar

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hrinda í framkvæmd ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun mennta- og rannsóknargeirans B 301/kultur, eins og henni er lýst í ráðherranefndartillögunni, en með þeirri viðbót að ráðherranefndin leggi fram greinargerð á þingi Norðurlandaráðs 2016 með lýsingu á þeim aðgerðum og verkefnum sem ráðherranefndin hefur gagnert í hyggju að framkvæma í tengslum við framkvæmd samstarfsáætlunarinnar og gjarnan með hliðsjón af þeim tillögum og hugmyndum, sem Norðurlandaráð sendi til ráðherranefndarinnar í tengslum við yfirstaðið umsagnarferli.

Forsaga

Menningar- og menntamálanefndin vill byrja á því að þakka fyrir ferli sem ráðherranefndin hóf við gerð meðfylgjandi samstarfsáætlunar. Áætlunin er á sviði menntamála og rannsókna (MR-U) og ber yfirskriftina „Gæði og mikilvægi menntunar og rannsókna“. Norðurlandaráð kom snemma að málinu og hefur haft tækifæri til þess að koma með tillögum og hugmyndir að áætluninni. Skrifleg og munnleg umsagnarferli hafa skapað uppbyggilegt og gott samráð milli ráðsins og ráðherranefndarinnar.

Því kemur Norðurlandaráði töluvert á óvart að umgjörð og orðalag samstarfsáætlunarinnar skuli vera svo til óbreytt þrátt fyrir umsagnarferlin. Ekki einni kommu hefur verið hnikað til. Nánast.

Því er nærtækt að spyrja hvort samráð og umsagnarferli milli ráðsins og ráðherranefndarinnar hafi haft þau áhrif sem þeim var ætlað og ennfremur hvort ferlið hafi verið eins og best var á kosið út frá lýðræðislegu sjónarhorni.

Ráðherranefndin ver verklag sitt með því að áætlunin verði að vera algild og almennt orðuð en síðar verði sértækar og tilteknar aðgerðir tilgreindar í framkvæmdaáætlunum og verkefnislýsingum.

Norðurlandaráð

Áskorunin sem felst í slíkum starfsháttum fyrir Norðurlandaráð er sú að innihald samstarfsáætlunarinnar verður svo almennt orðuð að ekkert nýtt kemur fram. Innihaldið ber merki þess að vera gamlar tuggur sem næstum allir geta verið sammála um, þar má nefna „gæði í menntun og menntun fyrir alla“. Áherslur og forgangsröðun eru afskaplega almenns eðlis og jaðra við að fjalla um augljós viðfangsefni sem við á Norðurlöndum og víðar um heim höfum fengist við um margra ára skeið á sviði rannsókna og menntamála. Samtímis er það áhyggjuefni að framtíðarverkefni og áætlanir verði innleidd á grundvelli áætlunarinnar án nokkurs samráðs við Norðurlandaráð.

Tilmæli 7/2015

Fyrri númer:
B 301/kultur

Til umfjöllunar í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00231-13

Náist samkomulag milli ráðsins og ráðherranefndarinnar um hvernig staðið skuli framvegis að ráðherranefndartillögum og umsagnarferlum á markvissari hátt í von um betri árangur er öruggt að samstarfið myndi eflast fyrir vikið. Þannig kæmust ráðið og ráðherranefndin hjá því að sóa dýrmætri orku og tíma.

Samanlagt þýðir þetta að Norðurlandaráð samþykkir fyrirbyggjandi samstarfsáætlun en bætir því við að Norðurlandaráð óski eftir greinargerð fyrir þingið 2016 um framkvæmd áætlunarinnar, þar á meðal þeirra verkefna og aðgerða sem ráðherranefndin hyggst hefja á grundvelli hinnar nýju áætlunar.

Kaupmannahöfn, 8. júní 2015

<i>Anne Louhelainen (saf)</i>	<i>Norunn Tveiten Benestad (H)</i>
<i>Annette Lind (S)</i>	<i>Peter Johnsson (S)</i>
<i>Aron Emilsson (SD)</i>	<i>Rigmor Andersen Eide (KrF)</i>
<i>Iddimangiuu Bianco (IA)</i>	<i>Sínuhe Wallinheimo (saml)</i>
<i>Ingebjørg Amanda Godskesen (FrP)</i>	<i>Tuula Peltonen (sd)</i>
<i>Jorodd Asphjell (A), formaður</i>	<i>Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)</i>
<i>Karen Ellemann (V)</i>	<i>Villum Christensen (LA)</i>
<i>Lars-Arne Staxäng (M), varaformaður</i>	